

1987 nr. 45 30. mars**Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda**

Tóku gildi 1. janúar 1988. Breytt með 1. 90/1987 (tóku gildi 31. des. 1987; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.), 1. 42/1988 (tóku gildi 1. jan. 1989), 1. 98/1988 (tóku gildi 30. des. 1988), 1. 78/1989 (tóku gildi 14. júní 1989), 1. 111/1990 (tóku gildi 31. des. 1990; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 4. gr.), 1. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), 1. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), 1. 46/1992 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 48/1992 (tóku gildi 10. júní 1992; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.), 1. 111/1992 (tóku gildi 1. apríl 1993), 1. 30/1995 (tóku gildi 9. mars 1995; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 8. gr.), 1. 31/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996), 1. 42/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), 1. 139/1995 (tóku gildi 29. des. 1995), 1. 90/1996 (tóku gildi 1. júlí 1997), 1. 102/1996 (tóku gildi 25. júní 1996), 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), 1. 159/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 2. gr. sem tók gildi 30. des. 1998), 1. 157/2000 (tóku gildi 29. des. 2000; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. gr.), 1. 133/2001 (tóku gildi 1. jan. 2002 nema 1. gr., a-, b- og c-liður 3. gr., b- og c-liður 17. gr., a-liður 19. gr., 34. gr., a-liður 35. gr., b-liður 36. gr., 37. gr., 38. gr., 39. gr., 40. gr., a-liður 41. gr., 42. gr. og 52. gr. sem tók gildi 31. des. 2001 og 44. gr. sem tók gildi 1. jan. 2003; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 56. gr.), 1. 65/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), 1. 135/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.), 1. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), 1. 134/2005 (tóku gildi 30. des. 2005), 1. 65/2006 (tóku gildi 27. júní 2006), 1. 169/2007 (tóku gildi 29. des. 2007), 1. 38/2008 (tóku gildi 29. maí 2008 nema 8. gr. sem tók gildi 1. jan. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 9. gr.), 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og 1. 13/2009 (tóku gildi 14. mars 2009).

Upphafsaðvæði.

■ **1. gr.** Staðgreiðsla opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars launamanna á tekjuári [og tryggingagjalds launagreiðenda á því ári nema annað sé tekið fram].¹⁾

¹⁾ L. 111/1990, 1. gr.**I. kafli. Gildissvið og aðild.****Gildissvið.**

■ **2. gr.** Staðgreiðsla samkvæmt lögum þessum tekur til:

A. Tekjuskatts manna, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 1. gr. og 1. tölul. 3. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ með síðari breytingum, af skattskyldum tekjum skv. 1. tölul., 1. og 2. másl. 2. tölul., 3. tölul. og 1. másl. 4. tölul. A-liðs 7. gr. án nokkurs frádráttar, sbr. þó [2.–5. tölul.]²⁾ A-liðs 1. mgr. 30. gr. þeirra laga. Enn fremur til tekjuskatts manna og annarra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. greindra laga af þar tilgreindum skattskyldum tekjum hér á landi, sbr. ákvæði 2. og 3. tölul. [70. gr. þeirra laga].¹⁾

B. Útsvars samkvæmt ákvæðum IV. kaffa laga nr. 73/1980,³⁾ um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

[C. Tryggingagjalds samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald.]⁴⁾

¹⁾ L. 129/2004, 51. gr. ²⁾ L. 30/1995, 7. gr. ³⁾ Nú l. 4/1995. ⁴⁾ L. 111/1990, 2. gr.**Aðilar.**

■ **3. gr.** Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem gjaldskyldir eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 2. gr. og til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem greiða laun eða annast milligöngu á greiðslum sem gjaldskyldar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 2. gr.

Launamaður.

■ **4. gr.** Launamaður samkvæmt lögum þessum telst:

1. Maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur sá sem nýtur eftirlauna eða lífeyris.

2. Maður sem skal reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Enn fremur maki hans eða barn inni þau af hendi starf fyrir hann við atvinnureksturinn eða starfsemina. [Sama á við um mann,

maka hans eða barn sem skal reikna sér endurgjald vegna atvinnurekstrar eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾²⁾

3. Maður sem fær greiddar tryggingabætur, styrki og hvers konar skaðabætur og váttryggingabætur.

4. Maður sem nýtur greiðslna samkvæmt höfundarétti.

5. Maður sem nýtur verðlauna eða heiðurslauna eða hlýtur skattskyldan vinning í happdrætti, veðmáli eða keppni.

6. Aðili sem ber takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. laga um tekjuskatt . . .¹⁾ og nýtur tekna sem um getur í 6. tölul. 5. gr.

¹⁾ L. 129/2004, 52. gr. ²⁾ L. 133/2001, 45. gr.**Laun.**

■ **5. gr.** Til launa samkvæmt lögum þessum telst:

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, dagpeningar, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

2. [Endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾²⁾

3. Tryggingabætur og styrkir. Skaðabætur og váttryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og váttryggingabætur, sbr. þó 2. tölul. 28. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

4. Endurgjald til höfunda og réttihafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.

5. Verðlaun og heiðurslaun, skattskyldir vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni.

6. Greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og getið er um í 2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

[7. Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.]³⁾

¹⁾ L. 129/2004, 53. gr. ²⁾ L. 133/2001, 46. gr. ³⁾ L. 159/1998, 1. gr.**Reiknað endurgjald.**

■ **6. gr.** [Manni sem ber að reikna sér endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald, sbr. [58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ fyrir 20. janúar ár hvert á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðandi sem hefur í þjónustu sinni starfsmann sem ákveða skal endurgjald fyrir skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skal við staðgreiðslu reikna honum endurgjald í samræmi við reglur ríkisskattstjóra, sbr. [58. gr. sömu laga].¹⁾

□ Telji skattstjóri að endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr., á staðgreiðsluári sé lægra en samræmist reglum ríkisskattstjóra skv. [58. gr. laga nr. 90/2003]¹⁾ skal hann ákvarða endurgjaldið í samræmi við þær reglur. Þó má skattstjóri víkja frá lágmarki endurgjalds samkvæmt reglum ríkis-

skattstjóra við ákvörðun sína á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna.]²⁾

□ [Skattstjóri skal tilkynna launagreiðanda sem leggur fram áætlun um tekjur sínar í samræmi við tímafrest 1. mgr. eða 1. mgr. 19. gr. um ákvörðun reiknaðs endurgjalds eigi síðar en 15 dögum fyrir eindaga, sbr. 3. mgr. 20. gr. Ákvörðun skattstjóra skv. 1. másl. eða áætlun skattstjóra skv. 21. gr. um greiðsluskylda fjárhæð, sbr. 1. mgr., má skjóta til skattstjóra innan 15 daga frá póstlagningardegi tilkynningar. Innan 15 daga frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur.

□ Kæruúrskurði skattstjóra skv. 3. mgr. má skjóta til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári.]³⁾

¹⁾ L. 129/2004, 54. gr. ²⁾ L. 133/2001, 47. gr. ³⁾ L. 65/2002, 2. gr.

Launagreiðandi.

■ **7. gr.** Launagreiðandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun skv. 5. gr.

□ Ef milligöngumaður, sbr. 3. gr., annast launagreiðslur skal hann gegna skyldum launagreiðanda varðandi skil og greiðslur samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um umboðsmann aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tölul. [70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

□ [Vinnuveitandi starfsmanna sem ráðnir eru til starfa á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli telst launagreiðandi þeirra samkvæmt lögum þessum hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi.

□ Starfsmannaleiga sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum telst þó launagreiðandi nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki. Notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu, sbr. 20. gr. Fjármálaráðherra er heimilt að binda staðgreiðslu starfsmannaleigu nánari skilyrðum.]²⁾

¹⁾ L. 129/2004, 55. gr. ²⁾ L. 169/2007, 1. gr.

Staðgreiðsla launamanns.

■ **8. gr.** Staðgreiðsla launamanns, sbr. 4. gr., af launum, sbr. 5. gr., nær til tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt . . . ¹⁾ og útsvars samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

□ Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð²⁾ að ákveðin laun eða tegund launa, sem 5. gr. nær til, skuli ekki falla undir staðgreiðslu. [Enn fremur getur fjármálaráðherra ákveðið að laun, þar með talin reiknuð laun, undir ákveðinni fjárhæð skuli ekki falla undir staðgreiðslu.]³⁾

□ Launagreiðandi, sbr. 7. gr., skal sjá um staðgreiðslu fyrir hönd launamanns samkvæmt ákvæðum 15. gr., sbr. 20. gr.

¹⁾ L. 129/2004, 56. gr. ²⁾ Rg. 591/1987, sbr. 564/1988, 330/1990, 70/1991, 490/1992, 677/1998, 500/2001, 914/2006 og 44/2007. ³⁾ L. 90/1987, 1. gr.

Mismunur staðgreiðslu og álagningar.

■ **9. gr.** [Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt . . . ¹⁾ og hlutfall útsvars, og skal það vera hið sama á öllu landinu og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna skv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980,²⁾ um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Hafi sveitarfélag ekki tilkynnt ákvörðun sína í tæka tíð skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980²⁾ skal miða við fyrra árs ákvörðun þess.]³⁾

□ [Að tekjuári loknu skal fara fram ákvörðun og álagning tekjuskatts samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt . . . ,¹⁾ út-

svars samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga og tryggingagjalds samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald.]⁴⁾

□ Mismun, sem fram kann að koma milli staðgreiðslu og álagningar, skal krefja eða endurgreiða, eftir því sem við á, samkvæmt ákvæðum VIII. kafla.

□ Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars þeirra aðila sem um ræðir í 2., 3. og 7. tölul. 3. gr., sbr. 2. tölul. [70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ er fullnaðargreiðsla nefndra gjalda þessara aðila hér á landi án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning þeirra hjá þessum aðilum nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur skv. 4. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt . . . ¹⁾

¹⁾ L. 129/2004, 57. gr. ²⁾ Nú l. 4/1995. ³⁾ L. 42/1988, 1. gr. ⁴⁾ L. 111/1990, 3. gr.

II. kafli. Tilhögun staðgreiðslu.

Gjaldskylda launamanna.

■ **10. gr.** Gjaldskyldu launamanna á staðgreiðsluári skal miða við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Sama gildir um launamann sem nær 16 ára aldri á staðgreiðsluári, svo og þá launamenn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu og þá sem skattskyldir eru á staðgreiðsluárinu skv. 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt . . . ¹⁾

¹⁾ L. 129/2004, 58. gr.

Skattkort.

■ **11. gr.** Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skattkort fyrir hvern launamann þar sem fram komi þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. [Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár hinn 1. nóvember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.]¹⁾ Skattkort manna, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu, svo og þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt . . . ,²⁾ skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á tilkynningu þeirra um aðsetursskipti eða á annan fullnægjandi hátt að dómi ríkisskattstjóra.

□ Þeir menn og aðilar, sem skattskyldir eru hér á landi skv. 2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt . . . ,²⁾ sbr. ákvæði 2. og 3. tölul. [70. gr. þeirra laga],²⁾ sbr. og 6. tölul. 4. gr. og 6. tölul. 5. gr., geta farið fram á að fá sérstök skattkort, gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í kröfugerð þeirra til ríkisskattstjóra. Kröfugerðin skal sett fram fyrir lok þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári eða eigi síðar en mánuði áður en fyrsta greiðsla eða afhending verðmætis á sér stað á staðgreiðsluári.

□ [Á skattkorti skulu, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram upplýsingar um hlutfall persónuafsláttar. Ríkisskattstjóri skal auglýsa skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs, svo og ef breytingar verða á staðgreiðsluári. Ráðherra getur í reglugerð³⁾ sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.]⁴⁾

□ Strax við móttöku skattkorts ber launamanni að kanna þær upplýsingar sem fram koma á því. Telji launamaður þær ekki réttar ber honum strax að endursenda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um nýtt skattkort. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að láta honum strax í té nýtt skattkort. Ef skattstjóri synjar beiðni launamanns að öllu leyti ber honum að endursenda launamanninum skattkortið ásamt rökstuðningi fyrir synjun.

□ [Ef launamaður, sem er móttakandi greiðslna frá eða á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, óskar ekki sérstaklega eftir öðru getur ríkisskattstjóri fyrir upphaf staðgreiðsluárs afhent Tryggingastofnun ríkisins skattkort hans. Telst hún þá aðallaunagreiðandi viðkomandi launamanns. Í slíkum tilvikum er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að gefa út aukaskattkort til launamanns vegna þess hluta persónuafsláttar sem fyrirsjáanlegt er að ekki nýtist á móti þeim greiðslum sem viðkomandi launamaður fær frá Tryggingastofnun ríkisins. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglum um framkvæmd þessarar málsgreinar.]⁵⁾

□ [Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að útgáfa skattkorta samkvæmt 1. mgr. falli niður, enda gildi áður útgefin skattkort það ár sem skattkortaútgáfan fellur niður, þó ekki skattkort skv. 5. og 6. mgr. 12. gr. Þó skal gefa út skattkort til þeirra aðila er ekki hafa áður fengið skattkort en öðlast hafa rétt til þess.]⁴⁾

¹⁾ L. 90/1987, 3. gr. ²⁾ L. 129/2004, 59. gr. ³⁾ Rg. 10/1992, sbr. 499/2001 og 50/2008. ⁴⁾ L. 98/1988, 2. gr. ⁵⁾ L. 90/1987, 5. gr.

Afhending skattkorts, aukaskattkort.

■ **12. gr.** [Fyrir upphaf staðgreiðsluárs ber launamanni að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans.]¹⁾ Aðallaunagreiðandi ber ábyrgð á vörslu skattkorts launamannsins meðan hann er í þjónustu hans eða þar til launamaðurinn krefst skila á því. Skipti launamaður um starfa eða velji sér annan aðallaunagreiðanda á staðgreiðsluárinu ber fyrri aðallaunagreiðanda hans að skila honum skattkorti hans en launamanninum ber hins vegar að afhenda það þeim launagreiðanda sem hann hefur hjá hið nýja starf sitt eða þeim sem hann hefur valið sér í stað fyrri launagreiðanda sem aðallaunagreiðanda.

□ Nú hefur launamaður starfa með höndum hjá eða á vegum fleiri en eins launagreiðanda og ber launamanni þá að velja sér aðallaunagreiðanda sem hann afhendir skattkort sitt. Skattkortið verður þá í vörslu þess aðallaunagreiðanda. Sama skal gilda um launamann sem hefur einn starfa með höndum en launagreiðendur hans eru tveir eða fleiri vegna starfans.

□ Telji launamaður að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar leiði til þess að staðgreiðsla hans verði verulega hærri en orðið hefði ef einungis væri um einn launagreiðanda að ræða, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal ákveðinn persónuafslátt sem aukalaunagreiðanda ber að taka tillit til við útreikning skatts í stað hámarksafsláttar, sbr. [67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],²⁾ og 3. mgr. 11. gr. þessara laga. Jafnframt skal lækka persónuafslátt á aðalskattkorti til samræmis við afslátt sem tilgreindur er á aukaskattkorti.

□ [Nýti launamaður, sem er annað hjóna eða aðili í sambúð, sbr. 1. mgr. 13. gr., að jafnaði ekki persónuafslátt sinn að fullu hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal þann persónuafslátt sem fyrirsjáanlegt er að launamaður nýtir ekki.

□ [Ef launamaður eða maki hans hefur eigi nýtt allan persónuafslátt launamannsins og ekki haft tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu sem honum samsvarar er launamanni heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu

skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti. Falla má frá skilyrðum um útgáfu skattkortsins ef óyggjandi upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun hans, t.d. skráning fyrri launagreiðanda á kortið um nýtingu afsláttarins.]³⁾

□ Ef launamaður hefur eigi nýtt meira en [50%]⁴⁾ af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr., er honum heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti.]⁵⁾

¹⁾ L. 90/1987, 6. gr. ²⁾ L. 129/2004, 60. gr. ³⁾ L. 102/1996, 1. gr. ⁴⁾ L. 98/1988, 3. gr. ⁵⁾ L. 90/1987, 7. gr.

Skattkort maka.

■ **13. gr.** Hafi annað hjóna, sem samvistum eru, engar tekjur á staðgreiðsluári skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ hafa hjónin rétt til þess að afhenda skattkort tekjulausa makans aðallaunagreiðanda þess maka sem tekjur hefur. Nýtur þá sá maki, sem tekjurnar hefur, einnig þess persónuafsláttar hins makans sem millifæranlegur er skv. [67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾ Sama gildir um karl og konu [eða tvo einstaklinga af sama kyni]²⁾ sem búa í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegu réttinda og hjónum sem samvistum eru, sbr. 3. mgr. [62. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾ [Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aukaskattkorta maka sem gefin verða út skv. 4., 5. og 6. mgr. 12. gr.]³⁾

□ Hefji tekjulausi makinn launuð störf á staðgreiðsluári á hann rétt til skattkorts síns og má afhenda það aðallaunagreiðanda sínum og breytist þá staða hins makans hjá aðallaunagreiðanda hans samkvæmt því. Maki, sem haft hefur launatekjur á staðgreiðsluári en lætur af starfi sem launamaður á því ári, hefur hins vegar rétt til þess að afhenda skattkort sitt til aðallaunagreiðanda hins makans og breytist þá staða þess maka samkvæmt því.

¹⁾ L. 129/2004, 61. gr. ²⁾ L. 65/2006, 2. gr. ³⁾ L. 90/1987, 8. gr.

Greiðslutímabil.

■ **14. gr.** Greiðslutímabil launa til launamanns, sbr. 4. gr., ákvarðast með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga þar um. Ekkert launatímabil skal þó teljast lengra en einn mánuður.

□ [Greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds, sbr. 2. tölul. 5. gr., til launamanns, sbr. ákvæði 2. tölul. 4. gr., telst hver einstakur almanaksmánuður staðgreiðsluársins, sbr. þó heimild skattstjóra samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 20. gr.]¹⁾ Laun hvers almanaksmánaðar ákvarðast sem tólfti hluti ($\frac{1}{12}$ hluti) árlegs reiknaðs endurgjalds sem launamaðurinn skal reikna sér innan þeirra marka sem um ræðir í 6. gr. [Skattstjóra er heimilt að ákveða að laun hvers almanaksmánaðar séu hærri en $\frac{1}{12}$ hluti árlegs endurgjalds, enda liggi fyrir samþykkt greinargerð launamannsins.]²⁾

¹⁾ L. 90/1987, 9. gr. ²⁾ L. 98/1988, 4. gr.

Ákvörðun launa og afdráttur.

■ **15. gr.** [Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið skal bætt við þau skattskyldum hlunnindum samkvæmt mati ríkisskattstjóra, sbr. [118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

□ Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu launamanns vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið [67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ og sjómannaafsláttar skv. 2. mgr. B-liðs sömu greinar þar sem hann á við.

Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og skilað til innheimtuaðila, sbr. 2. mgr. 20. gr.

□ Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda sem innheimt eru skv. 35. gr.

□ Afhendni launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal ekki tekið tillit til persónuafsláttar við ákvörðun staðgreiðslu, sbr. [67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾²⁾

¹⁾ L. 129/2004, 62. gr. ²⁾ L. 90/1987, 10. gr.

Hvenær afdráttur fer fram.

■ **16. gr.** [Afdráttur opinberra gjalda af launum skal fara fram þegar laun eru borguð út eða færð launamanni til tekna vegna ákveðins greiðslutímabils, sbr. 14. gr.

□ Þegar laun eða hluti launa, svo sem greiðslur fyrir yfirvinnu, ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, koma ekki til uppgjörs fyrir en að loknu því greiðslutímabili sem krafa til þessara launa myndast að fullu eða hluta skulu þau talin til launa þess greiðslutímabils, enda fari uppgjör þeirra fram innan 14 daga frá lokum þess. Fari uppgjörið fram síðar teljast greiðslur þessar til þess greiðslutímabils er uppgjörið fer fram í og miðast afdráttur þá við það tímabil.]¹⁾

□ Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett sérstakar reglur um hvenær afdráttur fer fram og á hvaða tekjuári greiðslur eru skattlagðar þegar um er að ræða greiðslur sem samkvæmt lögum eða ákvæðum kjarasamninga koma til útborgunar eftir að tekjuöflunartímabili lýkur.

¹⁾ L. 90/1987, 11. gr.

Börn.

■ **17. gr.** Ef launamaður nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluári ber launagreiðanda að halda eftir af launum, sbr. 5. gr., fjárhæð sem ákveðst tiltekinn hundraðshluti launa, sbr. [64. gr. og 2. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ og 2. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, án þess að frá dragist persónuafsláttur, sbr. [67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾

¹⁾ L. 129/2004, 63. gr.

Heimild til endurgreiðslu.

■ **18. gr.** Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina skriflega umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans ef veikindi, slys, mannlát eða starfsbreyting vegna þessa eða aldurs hans munu skerða tekjur hans verulega á þeim hluta staðgreiðsluársins sem eftir er, á þann veg að staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu muni leiða til a.m.k. 20% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga þessara.

□ Enn fremur er ríkisskattstjóra heimilt að taka til greina umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef hann hefur eða mun stunda nám í a.m.k. [fjóra]¹⁾ mánuði á staðgreiðsluárinu og staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu muni leiða til a.m.k. 20% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga þessara.

□ Á umsókn, sem sett er fram á sérstöku eyðublaði og ríkisskattstjóri lætur gera, skal koma fram rökstuðningur fyrir kröfum samkvæmt þessari grein. Umsókn skulu fylgja fullnægjandi gögn til stuðnings kröfunni.

□ Ríkisskattstjóri skal úrskurða um umsókn launamanns og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

□ [Við endurgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skal bæta álagi sem skal vera 0,2% af endurgreiðslufjárhæð fyrir hvern byrjaðan

mánuð frá því staðgreiðsla var innt af hendi og þar til endurgreiðsla fer fram.]¹⁾

¹⁾ L. 139/1995, 1. gr.

Launagreiðendaskrá, tilkynningar.

■ **19. gr.** [Hver sá sem telst launagreiðandi skv. 7. gr. skal ótilkvaddur og eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hans hefst tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og kennitala launagreiðandans.]¹⁾

□ Nú hefur aðili, sem að mati ríkisskattstjóra bar að tilkynna sig sem launagreiðanda skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá ríkisskattstjóri úrskurða hann sem launagreiðanda samkvæmt ákvæðum 7. gr. og tilkynna aðilanum þar um.

□ Aðilar þeir, sem um ræðir í 1. og 2. mgr., skulu vera á sérstakri skrá, launagreiðendaskrá, sem ríkisskattstjóri heldur. Hver launagreiðandi fær þá sérstakt númer sem hann skal geta um í skilgrein staðgreiðslu, sbr. ákvæði 20. gr.

□ Launagreiðandi, sem er á launagreiðendaskrá en hættir launagreiðslum á staðgreiðsluári, skal innan átta daga senda ríkisskattstjóra tilkynningu þess efnis.

□ Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

¹⁾ L. 65/2002, 3. gr.

III. kafli. Skil á staðgreiðslu.

Greiðslur, greiðslustaðir, skilagreinar.

■ **20. gr.** Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar samkvæmt ákvæðum 15.–17. gr.

□ [Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til gjaldheimtu eða annars innheimtuaðila, sbr. [111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ í því umdæmi þar sem launagreiðandi á lögheimili. Með greiðslum skal fylgja sundurliðuð skilgrein frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði. [Ríkisskattstjóra er heimilt að setja reglur um rafræn skýrslu- og greiðsluskil vegna staðgreiðslu opinberra gjalda.]²⁾ Launagreiðandi skal skila skilgrein mánaðarlega enda þótt engin greiðsla fylgi. Skattstjóri getur heimilað aðilum, sem reikna sér, maka sín-um og börnum endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., að gera skil einu sinni á ári enda séu reiknuð laun undir tilteknu lágmarki samkvæmt sérstökum reglum er ríkisskattstjóri setur.]³⁾

□ Gjaldlagi greiðslu skv. 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi skv. 28. gr.

□ Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram á skilgreinum og greiðsluskjölum og ákveður gerð þeirra.

□ Fjármálaráðherra setur nánari reglu⁴⁾ um framkvæmd 2. mgr. að höfðu samráði við félagsmálaráðherra.

□ Ríkissjóður skal greiða sveitarfélögum þann hluta persónuafsláttar sem ráðstafað er til greiðslu útsvars vegna hvers launamanns á staðgreiðsluári, sbr. A-lið [67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ og 15. gr. laga þessara, eigi síðar en fyrir lok næsta mánaðar eftir eindaga staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 3. mgr.

¹⁾ L. 129/2004, 64. gr. ²⁾ L. 133/2001, 48. gr. ³⁾ L. 90/1987, 12. gr. ⁴⁾ Rg. 13/2003, sbr. 589/2008.

Yfirferð, áætlun og tilkynningar skattstjóra.

■ **21. gr.** Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar launagreiðenda, sbr. 20. gr., og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskýlda fjárhæð þeirra

launagreiðenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka skv. 20. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

■ **[21. gr. a.]** Eftirlit samkvæmt ákvæðum 21. gr. og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavík-urumdæmi.]¹⁾

¹⁾ L. 38/2008, 4. gr.

Ábyrgð.

■ **22. gr.** Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt lögum þessum. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launagreiðandi og launamaður bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.

IV. kafli. Stjórnun staðgreiðslu.

Yfirstjórn.

■ **23. gr.** Ríkisskattstjóri hefur á hendi yfirstjórn staðgreiðslu.

Ríkisskattstjóri.

■ **24. gr.** Ríkisskattstjóri skal auk þeirra starfa sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara:

1. halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launamanna . . . ¹⁾ á staðgreiðsluári,

2. gefa út reglur og leiðbeiningar fyrir launamenn og launagreiðendur um notkun gagna og eyðublaða vegna staðgreiðslu opinberra gjalda,

3. láta gera eyðublöð, sem nauðsyn er á, fyrir launagreiðendur. Eyðublöð þessi skulu fást hjá skattfyrvöldum og hjá þeim aðilum sem heimild hafa til móttöku greiðslna skv. 20. gr.

□ Ríkisskattstjóri skal setja skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum eftir því sem þörf krefur.

□ Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða gjald- eða skilaskyldu og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá, m.a. frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum og pósthöfðum.

¹⁾ L. 135/2002, 1. gr.

[Fjárýsla ríkisins.]¹⁾

¹⁾ L. 135/2002, 2. gr.

■ **[24. gr. a.]** Fjárýsla ríkisins skal halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launagreiðenda á staðgreiðsluári. Til að sinna því hlutverki skal Fjárýsla ríkisins hafa sömu heimildir og um getur í 3. mgr. 24. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 135/2002, 2. gr.

V. kafli. Upplýsingaskylda, eftirlit o.fl.

Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir.

■ **25. gr.** Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattfyrvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. [Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattfyrvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattranssóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.]¹⁾

□ Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, . . . ¹⁾ ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur [skattranssóknarstjóri ríkisins]¹⁾ vegna rannsóknna skv. 26. gr.

□ [Skattfyrvöld]¹⁾ hafa enn fremur heimildir þær, er um getur í 2. mgr. þessarar greinar, gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo og öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

□ Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri [eða skattranssóknarstjóri ríkisins]¹⁾ þá leitað um hann úrskurðar [héraðsdóms, en farið skal þá eftir reglum laga um meðferð [sakamála]²⁾ eftir því sem á við].³⁾ Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til [rannsóknar lögreglu].²⁾

¹⁾ L. 111/1992, 25. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr. ³⁾ L. 92/1991, 93. gr.

[Skatteftirlit, skattranssóknir.]¹⁾

¹⁾ L. 111/1992, 26. gr.

■ **26. gr.** [Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

□ Skattranssóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og [5. mgr. 101. gr.]¹⁾ [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].²⁾

□ Þegar aðgerðir skattranssóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].²⁾³⁾

¹⁾ L. 133/2001, 49. gr. ²⁾ L. 129/2004, 65. gr. ³⁾ L. 111/1992, 26. gr.

Launabókhald.

■ **27. gr.** Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur¹⁾ um sérstakt launabókhald launagreiðenda.

¹⁾ Rg. 539/1987.

VI. kafli. Viðurlög og málsmeðferð.

Álag, dráttarvextir og áætlun.

■ **28. gr.** Séu greiðslur launagreiðanda skv. 20. gr. eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal hann sæta álagi til viðbótar upphæð skilafjárins eða til viðbótar því skilafé sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 21. gr., nema launagreiðandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

□ Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshluti (1%) af upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar (10%).

2. [Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Skal álag þetta vera hið sama og dráttarvextir sem

Seðlabanki Íslands ákveður og birtir samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.]¹⁾

□ Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

□ Sendi launagreiðandi fullnægjandi skilgrein [innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar]²⁾ skattstjóra skv. 21. gr. skal hann greiða upphæð skilafjár samkvæmt skilgreininni ásamt álagi skv. 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

□ Komi í ljós að launagreiðanda, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða skal hann greiða hið gjaldskylda skilafé auk álags skv. 2. mgr.

□ Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef launagreiðandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. . . .³⁾

□ Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að skilgrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968⁴⁾ eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 27. gr. Jafnframt er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi eða aðrir þættir, sem skilgrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna, settra skv. 27. gr., mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilgrein, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattfyrvöld kunna að biðja um til sannprófunar á skilgreinum, sbr. 25. gr. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

□ [Sé skilafé vanreiknað eða laun dregin undan má gera launagreiðanda að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá [lögreglu]⁵⁾ á skilum launagreiðanda nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.]⁶⁾

¹⁾ L. 135/2002, 3. gr. ²⁾ L. 98/1988, 5. gr. ³⁾ L. 139/1995, 2. gr. ⁴⁾ Nú l. 145/1994. ⁵⁾ L. 90/1996, 43. gr. ⁶⁾ L. 90/1987, 13. gr.

Innheimta vanskilafjár o.fl.

■ **29. gr.** [Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skal innheimt af innheimtuaðila, sbr. 20. gr., í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili.

□ Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. . . .¹⁾

□ Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattfyrvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

□ Innheimtuaðili skal senda skilgrein til skattstjóra yfir fé er hann hefur mótttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum

reikningi þar til sundurliðuð skilgrein berst frá launagreiðanda.]²⁾

¹⁾ L. 78/1989, 1. gr. ²⁾ L. 90/1987, 14. gr.

Refsingar.

■ **30. gr.** [Skýri gjaldskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða fésekt allt að tífalt þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfalt skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

□ Hver sá launagreiðandi sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir fé af launagreiðslum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilgreinar á lögmæltum tíma eða ekki innt af hendi þar greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir skal greiða fésekt allt að tífalt þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfalt skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggji við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. [Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilgrein staðgreiðslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.]¹⁾ Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

□ Hafi launagreiðandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda tilskilið launabókhald varðar það brot við refsíákvæði laga um bókhald, en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

□ Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 19. gr., upplýsingaskyldu skv. 25. gr., misnotar skattkort, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilgreinar, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum skal hann sæta sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].²⁾

□ Skýri skilaskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það launamaður sem lætur greiða sér laun vitandi um að launagreiðandi hans hefur eigi haldið eftir af launum hans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem skylt er samkvæmt lögum þessum eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskil vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

□ Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu fésekt, allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástætt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

□ Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattfyrvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattfyrvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

□ Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningar-

laga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákvæðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

□ Gera má lögðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.³⁾

¹⁾ L. 134/2005, 1. gr. ²⁾ L. 82/1998, 185. gr. ³⁾ L. 42/1995, 2. gr.

Málsmeðferð og . . . ¹⁾ rannsókn. Fyrirgærreglur.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **31. gr.** [Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af yfirséttarnefnd nema máli sé vísað til . . . ¹⁾ rannsóknar og dómsmeðferðar skv. [4. mgr.]²⁾ Skattrannsóknarstjóri sendir yfirséttarnefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirséttarnefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirséttarnefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til [rannsóknar lögreglu]¹⁾ né sektarmeðferðar hjá yfirséttarnefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

□ Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýttingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.²⁾

□ . . . ³⁾ Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til [rannsóknar lögreglu]¹⁾ af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirséttarnefnd skv. 1. mgr.⁴⁾

□ [Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögum].¹⁾

□ Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er [yfirséttarnefnd]⁵⁾ úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.

□ Sök skv. 30. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða [lögreglu]³⁾ enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.⁶⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 134/2005, 2. gr. ³⁾ L. 90/1996, 43. gr. ⁴⁾ L. 46/1992, 1. gr. ⁵⁾ L. 46/1992, 2. gr. ⁶⁾ L. 90/1987, 15. gr.

VII. kafli. Skipting á innheimtu fé staðgreiðslu.

■ **32. gr.** Fjármálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslu opinberra gjalda samkvæmt lögum þessum. [Þrátt

fyrir það að innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu sé hið sama á öllu landinu, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga miðað við þann hundradshluta sem hver sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 73/1980,¹⁾ með síðari breytingum.]²⁾

□ Sveitarfélög skulu greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar ríkissjóðs við framkvæmd þeirra.

¹⁾ Nú l. 4/1995. ²⁾ L. 42/1988, 2. gr.

VIII. kafli. Álagning skatta og gjalda, uppgjör staðgreiðslu og innheimtu.

Álagning.

■ **33. gr.** Álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. 9. gr., annast skattstjórar, sbr. [85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ og 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

¹⁾ L. 129/2004, 66. gr.

Álagningarskrá.

■ **34. gr.** Þegar skattstjórar hafa lokið ákvörðun og álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. 9. gr., skulu þeir senda ríkisskattstjóra skrá um þessa álögdðu skatta og gjöld sem nefnd skal álagningarskrá.

□ [Að móttækinni álagningarskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á álagningarskrá og skrá um staðgreiðslu á staðgreiðsluárinu, að teknu tilliti til álags skv. [122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ með síðari breytingum.]²⁾

□ [Skilafé vegna staðgreiðslu launamanns á tekjuári gengur einungis á móti álagningu tekjuskatts og útsvars á þær tekjur er staðgreiðslan nær til, sbr. 1. gr., óháð annarri greiðslustöðu launamanns hjá ríki, sveitarfélögum eða öðrum gjaldkrefjendum, sbr. þó 2. mgr. 36. gr.]³⁾

¹⁾ L. 129/2004, 67. gr. ²⁾ L. 139/1995, 3. gr. ³⁾ L. 90/1987, 16. gr.

Innheimtuskrá, þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld.

■ **35. gr.** [Ríkisskattstjóri gerir innheimtuskrá yfir þá gjaldendur sem reynast skulda opinber gjöld að lokinni álagningu skattstjóra. Skráin sýni skatta þeirra og gjöld eftir að tekið hefur verið tillit til skuldajöfnunar milli hjóna samkvæmt ákvæðum [116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Innheimtuskrá skal senda viðkomandi innheimtuáðila.

□ Skattar er renna til ríkissjóðs nefnast þinggjöld en skattar til sveitarsjóða sveitarsjóðsgjöld. Á innheimtuskrá skal taka þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld sem skattstjórum ber að leggja á.²⁾

¹⁾ L. 129/2004, 68. gr. ²⁾ L. 90/1987, 17. gr.

Endurgreiðsluskrá, skuldajöfnun og dráttarvextir.

■ **36. gr.** [Ríkisskattstjóri gerir endurgreiðsluskrá yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni álagningu og skuldajöfnun milli hjóna samkvæmt ákvæðum [116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

□ [Endurgreiðsluskrá skal send Fjársýslu ríkisins sem sér um endurgreiðslu fyrir hönd ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga hefur farið fram.]²⁾³⁾

¹⁾ L. 129/2004, 69. gr. ²⁾ L. 135/2002, 4. gr. ³⁾ L. 90/1987, 18. gr.

Innheimta þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda.

■ **37. gr.** Um innheimtu þinggjalda, sbr. 2. mgr. 35. gr., og ábyrgð skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XI-II. kafla laga um tekjuskatt . . . ¹⁾ nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum.

□ Um innheimtu sveitarsjóðsgjalda, sbr. [2. mgr. 35. gr.],²⁾ skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði VI. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum.

¹⁾ L. 129/2004, 70. gr. ²⁾ L. 90/1987, 19. gr.

IX. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **38. gr.** Þeir menn, sem njóta annarra tekna en launatekna og vilja komast hjá greiðslu [álags]¹⁾ á tekjuskatt og útsvar af þessum tekjum, sbr. [122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],²⁾ skulu greiða fjárhæð sem ætla má að nægi til lúknningar væntanlegri álagningu tekjuskatts og útsvars á þessar tekjur. Greiðsla þessi skal innt af hendi eigi síðar en 31. janúar næstan á eftir staðgreiðsluári. Greiðslan skal bætast við staðgreiðslu þá sem maðurinn innt af hendi eða innt hefur verið af hendi fyrir hann, á staðgreiðsluári og færast á staðgreiðsluskrá áður en greiðslustaða hans er ákvörðuð skv. 34. gr.

□ Nánari fyrirmæli um greiðslur, greiðslustaði, skilagreinar og aðra framkvæmd samkvæmt þessari grein skulu settar í reglugerð³⁾ af fjármálaráðherra.

¹⁾ L. 139/1995, 4. gr. ²⁾ L. 129/2004, 71. gr. ³⁾ Rg. 37/1989, sbr. 37/1993, 109/1996 og 757/1997.

■ **39. gr.** Allar tilkynningar, skilagreinar og skýrslur, sem gera skal samkvæmt lögum þessum, skal hlutaðeigandi aðili láta í té ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðendur skulu annast allar skyldur sínar samkvæmt lögum þessum án endurgjalds.

■ **40. gr.** Ákvæði annarra laga, er fela í sér að óheimilt sé að innheimta opinber gjöld af bóta- og lífeyrisgreiðslum, skulu ekki gilda gagnvart staðgreiðslu samkvæmt þessum lögum.

■ **41. gr.** Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 37/1989, sbr. 37/1993, 109/1996, 626/1996, 757/1997 og 588/2008; rg. 183/1990, sbr. 73/1993 og 620/1996; rg. 373/2001, sbr. 334/2006.

■ **42. gr.** Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur sett sérstök lög um gildistöku þeirra.

■ [Ákvæði til bráðabirgða. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal gjalddagi greiðslu vegna skila á staðgreiðslu í þeim tilvikum sem ákvæði til bráðabirgða VIII við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, tekur til vera tveimur mánuðum síðar en kveðið er á um í 3. mgr. 20. gr. og eindagi 14 dögum eftir það.]¹⁾

¹⁾ L. 13/2009, 4. gr.